

11  
24. jan.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 65 8. sept. 1931, um hafnargerð á Sauðárkróki.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Í stað „kr. 250000 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur“ í 1. gr. laganna komi: kr. 400000 — fjögur hundruð þúsund krónur.

#### 2. gr.

Í stað „kr. 370000 — þrjú hundruð og sjötíu þúsund króna“ í 2. gr. laganna komi: kr. 600000 — sex hundruð þúsund króna.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1945.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.*

12  
24. jan.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

1. gr. l. 60/1919 orðist svo:

Til hafnargerðar í Ólafsvík veitast úr rikissjóði  $\frac{2}{5}$  kostnaðar, eftir áætlun, er rikisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 280000 — tvö hundruð og áttatíu þúsund krónum — gegn  $\frac{3}{5}$  frá hafnarsjóði Ólafsvíkur. Með framlagi rikissjóðs teljast fjárveitingar þær, sem þegar hafa verið veittar í fjárlögum, þó þannig, að ákvæði þessi um hlutfallsgreiðslur verki ekki aftur fyrir sig.

#### 2. gr.

2. gr. sömu laga orðist svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd rikissjóðs allt að kr. 420000 — fjögur hundruð og tuttugu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Ólafsvíkur kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð sýslunefndar Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Framlagið úr rikissjóði og ábyrgð rikissjóðs er bundin